

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 26.9.2022
Málsnúmer: 202208-0012
SS

Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu efnistöku á Mýrdalssandi.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 11. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu framkvæmdar EP Power Minerals á efnistöku á Mýrdalssandi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar þann 27. ágúst 2021 og er vísað í þá umsögn hér á eftir eins og við á.

Eins og fram kom í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlunina er hér um að ræða gríðarlega umfangsmiklar framkvæmdir og umsvif til framtíðar. Áhrifasvæðið er afar stórt, bæði efnistökusvæðið og áhrifasvæði vegna efnisflutninga á Suðurlandi. Ljóst er að umhverfisáhrifin verða mikil þótt ávinningur í samhengi loftslagsmála sé sannarlega umtalsverður. Vega þarf og meta ávinning og umhverfisáhrif til framtíðar.

Áhrif á gróður eru metin óveruleg neikvæð og tekur Náttúrufræðistofnun undir þá niðurstöðu. Fram kemur að sérfræðingar sem lögðu mat á gróðurfar svæðisins séu ekki sammála kortlagningu vistgerða samkvæmt vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar. Hægt er að taka undir ábendingu um að melgresisbelti meðfram veginum eigi ekki að flokkast sem hrossanálarvist. Hins vegar er ekki tekið undir að svæðið í heild sinni ætti að flokkast sem sanda- og vikravist frekar en auravist. Líklega er svæðið full lítið gróið til að teljast hefðbundin auravist en þar sem um framburð jökuláa og jökulhlaupa er að ræða er það mat Náttúrufræðistofnunar að um eyravistlendi sé að ræða, mögulega eyravist a.m.k. að hluta. Náttúrufræðistofnun mun skoða betur vistgerðakortlagningu svæðisins. Tekið er undir að ekki eigi að fara í uppgræðslu á svæðinu.

Áhrif á fuglalíf voru metin með athugunum á varptíma. Ljóst er að fuglalíf er fábreytt á framkvæmdasvæðinu þó nokkuð sé um sandlóuvarp. Áhrif framkvæmdarinnar á fuglalífið er metið óverulega neikvætt og getur Náttúrufræðistofnun tekið undir þá niðurstöðu. Almennt skal forðast að trufla varp fugla á varptíma.

Áhrif á jarðminjar metin óverulega neikvæð. Ljóst er að áhrif efnistökkunnar á Mýrdalssand verða bein og varanleg. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun framkvæmdar var greint frá því að „þó sandar finnast víða á Íslandi og um lítinn hluta af heildarflatarmáli jaðrmyndurinnar á Mýrdalssandi er að ræða þá eru sandar af þessum toga sjaldgæfar og merkar jarðminjar á heimsvísu og röskun af þessum toga mun hafa mikil áhrif á heildarmynd jarðminjanna.“ Þó einungis sé stefnt að því að fjarlægja efstu 10 metrana af 120 metra þykku setlagi er flatarmál áhrifasvæðisins gríðarstórt. Náttúrufræðistofnun telur því að áhrifin á jarðminjar ættu frekar að vera metin nokkuð eða talsvert neikvæð fremur en óverulega neikvæð.



Ítarlega er fjallað um áhrif á landslag og ásýnd í umhverfismatsskýrslunni og bæði sýnileikakort og sjónarhornsljósmyndir notaðar. Helst er að skortir sjónarhornsmýnd frá Hafursey, en flestir myndatökustaðirnir eru úr töluverðri fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Bæði þyrfti að sýna ásýnd efnistökusvæðisins ofan af Hafursey sem og við rætur fjallsins en t.d. er keyrt meðfram fjallinu sunnanverðu þegar farið er að Kötlujökli sem er sívaxandi ferðamannastaður. Niðurstaðan er sú að áhrifin á ásýnd og landslag eru metin óveruleg þar sem ásýnd svæðisins mun ekki breytast mikið við framkvæmdina, landið mun lækka og mesti sýnileikinn verða af vinnuvélum og færanlegum mannvirkjum. Miðað við umfang framkvæmdasvæðisins væri nærri lagi að meta áhrifin óveruleg-neikvæð og þá sérstaklega úr meiri nánd en fjallað er um í umhverfismatsskýrslunni. Við mat á ásýnd efnisgeymslu í Þorlákshöfn hefði mátt sýna með ásýndarmyndum hvernig áhrif á landslag verða af efnisgeymslu. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir svæðið sem kemur til greina vestan við byggðina sem er mun minna raskað og sýnilegra.

Áhrif efnisflutninga á umferð, hljóðvist og loftgæði eru utan fagsviðs Náttúrufræðistofnunar en ljóst er að umfang flutningana mun fela í sér umtalsverð áhrif á næsta umhverfi akleiða. Þess ber að geta að mögulegar akleiðir þær sem liggja fram hjá Eyrarbakka og yfir Ölfusárós fara í gegnum eða í næsta nágrenni við viðkvæm náttúrusvæði sem m.a. hafa verið tilnefnd á B-hluta náttúruminjasrár.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

